



Ársreikningur 2013

*Eftirlaunasjóður FÍA
Borgartúni 19
105 Reykjavík*

Kennitala: 650376-0809

EFNISYFIRLIT

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.....	2
Áritun óháðs endurskoðanda.....	3
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Yfirlit um sjóðstreymi.....	6
Skýringar.....	7-13
Kennitölur - Fimm ára yfirlit.....	14
Fjárfestingarstefna Eftirlaunasjóðs FÍA 2014 - Útdráttur.....	15

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Meginstarfsemi sjóðsins

Eftirlaunasjóður FÍA starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs. Sjóðurinn er aðili að "Samkomulagi um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða" sem Landsbankinn hf. hefur umsjón með. Tilgangur þessa samkomulags er að uppfylla ákvæði framangreindra laga um áhættudreifingu hjá sjóðnum þar sem fjöldi sjóðfélaga sem greiða í sjóðinn nær ekki tilskyldum fjölda sem skal að lágmarki vera 800 samkvæmt lögum.

Starfsemin á árinu

Alls greiddu 576 sjóðfélagar lögjöld til sjóðsins á árinu. Lögjöld námu alls 1.064 milljónum kr. og hækkuðu um 0,8% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 750 milljónum kr. og hækkuðu um 1,7% frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru 172 á árinu og í árslok 2013 áttu 861 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum. Á árinu 2013 voru réttindi sjóðfélaga skert um 11,2%. Þóknarir til stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 8,95 milljónum kr. á árinu 2013.

Raunávöxtun á eignum lífeyrissjóðsins var 9,56% á árinu sem verður að teljast góð niðurstaða borið saman við 3,5% viðmið skuldbindinga. Hafa ber í huga að erlendar eignir sjóðsins eru einungis 7,54% af heildareignum sjóðsins sem verður að teljast lágt hlutfall. Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok námu heildarskuldbindingar sjóðsins 35.953 milljónum kr. miðað við 3,5% vexti. Séu eignir sjóðsins metnar með sama hætti nema þær 36.290 milljónum kr. eða 0,9% hærri fjárhæð en skuldbindingarnar.

Eignasafn sjóðsins stendur nú traustum fótum. Verðbréfaeign sjóðsins er að mestu í innlánum, skuldabréfum með ábyrgð ríkisins og dreifðu safni innlendra og erlendra hlutabréfa.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Hrein eign

Hrein eign sjóðsins nam 23.472 milljónum kr. í árslok 2013 og hefur hækkað á árinu úr 20.373 milljónum kr. eða um 3.099 milljónir kr.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Eftirlaunasjóður FÍA hefur gert samning við Arion banka hf. og tók hann við umsjón og eignastýringu sjóðsins í byrjun árs 2012. Enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á árinu. Framkvæmdastjóri sjóðsins er starfsmaður Arion banka hf. Arion banki hf. leitast við að annast ávöxtun fjármuna sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu. Stjórn sjóðsins hefur haft eftirlit með ráðstöfun eigna sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Eftirlaunasjóðs FÍA staðfesta hér með ársreikning þennan með undirskrift sinni.

Reykjavík, 23. apríl 2014

Í stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA


Sturla Ómarsson



Geirprúður Alfreðsdóttir



Bogi Niels Bogason



Kristín Björg Eysteinsdóttir


Kristján Egilsson

Framkvæmdastjóri


Jón L. Árnason

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði FÍA

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Eftirlaunasjóðs FÍA fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning 31. desember 2013, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, skýringar og kennitölur.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2013, efnahag hans 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 23. apríl 2014

PricewaterhouseCoopers ehf.



Kristinn Kristinsson
Löggiltur endurskoðandi

YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2013

	Skýr.	2013	2012
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		247.300	225.157
Iðgjöld launagreiðenda		807.979	820.109
Framlag ríkis til jöfnunar á örorkubyrði		8.473	10.141
		<u>1.063.752</u>	<u>1.055.407</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	3	742.574	736.098
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		7.779	1.713
		<u>750.353</u>	<u>737.811</u>
Fjárfestingartekjur	4		
Tekjur af eignarhlutum		678.767	405.489
Vaxtatekjur og gengismunur		2.107.969	1.461.126
Breytingar á niðurfærslu		66.638	58.462
		<u>2.853.374</u>	<u>1.925.077</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	11	33.852	29.828
Vaxtagjöld		18	59
Önnur fjárfestingargjöld		8.942	6.459
		<u>42.812</u>	<u>36.346</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	11	24.590	20.137
		<u>24.590</u>	<u>20.137</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu		3.099.371	2.186.190
Hrein eign frá fyrra ári		20.372.736	18.186.546
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>23.472.107</u>	<u>20.372.736</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2013

	Skýr.	31.12.2013	31.12.2012
Eignir			
Fjárfestingar			
	5-10		
Húseignir og lóðir		15.247	15.558
Verðbréf með breytilegum tekjum		7.685.260	7.831.940
Verðbréf með föstum tekjum		10.928.496	8.056.710
Veðlán		2.262.825	2.445.269
Bankainnstæður		1.663.897	1.605.224
		<u>22.555.725</u>	<u>19.954.701</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		120.512	130.569
Aðrar kröfur		31.855	33.131
		<u>152.367</u>	<u>163.700</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán		795.567	288.913
		<u>795.567</u>	<u>288.913</u>
	Eignir samtals	<u>23.503.659</u>	<u>20.407.314</u>
Skuldir			
Aðrar skuldir		31.552	34.578
		<u>31.552</u>	<u>34.578</u>
	Skuldir samtals	<u>31.552</u>	<u>34.578</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>23.472.107</u>	<u>20.372.736</u>

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2013

	Skýr.	2013	2012
Inngreiðslur			
Iðgjöld		1.068.846	995.886
Fjárfestingartekjur		243.397	268.379
Afborganir verðbréfa		970.330	915.072
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		4.578.752	2.613.374
Seld verðbréf með föstum tekjum		1.073.627	917.870
Seld veðlán		139.781	104.769
		<u>8.074.733</u>	<u>5.815.350</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir		750.426	720.746
Fjárfestingargjöld		3.349	6.458
Rekstrarkostnaður án afskrifta		60.438	65.440
		<u>814.213</u>	<u>792.644</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu		<u>7.260.520</u>	<u>5.022.706</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting			
Keypt verðbréf með breytilegum tekjum		2.818.438	5.852.388
Keypt verðbréf með föstum tekjum		3.799.077	1.518.877
Ný veðlán og útlán		77.679	127.458
Bundin innlán, breyting		58.672	(2.113.850)
		<u>6.753.866</u>	<u>5.384.873</u>
Hækkun/(lækkun) á sjóði og veltiinnlánum		506.654	(362.167)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		288.913	651.080
Sjóður og veltiinnlán í árslok		<u>795.567</u>	<u>288.913</u>

SKÝRINGAR

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og á síðasta ári.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Fjárfestingar eru færðar niður vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða en myndaður er mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og gagnvart kröfunum í heild.

1.2 Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa réttindakröfu á sjóðinn.

1.3 Fjárfestingartekjur

Vaxtatekjur eru af verðbréfum með fastar tekjur, veðlánum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og veltiinnlánnum.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir í árslok.

1.4. Fjárfestingar

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum og verðbréf með föstum tekjum.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Verðbréf í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi í árslok 2013.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Veðlán eru útlán til sjóðfélaga sem færð eru til eignar með áföllnum vöxtum miðað við vaxtakjör þeirra. Veðlán eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftarreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Reiknuð er almenn niðurfærsla þar sem sérstök áhætta hefur verið metin.

Bankainnstæður á meðal fjárfestinga eru almennt bundnar til lengri tíma en 3ja mánaða. Hluti af bankainnstæðum eru innlán sem eru bundin í skemmri tíma, en sjóðurinn horfir á þessa bankainnstæðu sem fjárfestingu en ekki sem handbært fé.

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metnir á markaðsverði í árslok 2013. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati lífeyrissjóðsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.

1.5 Kröfur á launagreiðendur

Kröfur eru færðar á nafnverði.

1.6 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af óbundnum bankainnstæðum í erlendum gjaldmiðlum og íslenskum krónum.

SKÝRINGAR

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi sjóðsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytingar. Áhættustjórnun sjóðsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Eignastýring er í höndum Arion banka hf., samkvæmt samningi um rekstur sjóðsins. Arion banki hf. annast fjárvörslu með virkri eignastýringu innan ramma fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni.

2.2 Gengisáhætta

Sjóðurinn starfar í alþjóðlegu umhverfi og hefur fjárfest í erlendum verðbréfasjóðum þar sem hrein eign þeirra er bundin áhættu. Samkvæmt lögum um gjaldeyrishöft er lífeyrissjóðnum óheimilt að verja erlenda gjaldeyrisáhættu sína með notkun afleiða. Fjárfestingar sjóðsins í verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum námu í árslok 2013, 1.699 milljónum kr. og ber sjóðurinn því gjaldeyrisáhættu sem þeirri fjárhæð nemur. Ef íslenska krónan styrkist um 10% gagnvart erlendum gjaldmiðlum munu eignir sjóðsins, að öðru óbreyttu, lækka um 170 milljónir kr.

3. Lífeyrir

Greiddur lífeyrir greinist þannig:

	2013	2012
Ellilífeyrir	571.103	585.216
Örorkulífeyrir	84.052	67.739
Makalífeyrir	67.841	74.572
Barnalífeyrir	15.668	15.676
	738.664	743.203
Uppgjör samkvæmt örorkusamkomulagi lífeyrissjóða	3.910	(7.105)
	742.574	736.098

4. Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum sundurliðast þannig:

Arður af innlendum hlutabréfum	58.251	37.445
Gangvirðisbreyting af hlutabréfum	620.516	368.044
	678.767	405.489

Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:

Vaxtatekjur og verðbætur af bankainnstæðum	71.775	136.243
Gengishagnaður	3.689	6.109
Vaxtatekjur og gengismunur verðbréfa	2.025.651	1.317.597
Dráttarvextir	6.853	1.177
	2.107.969	1.461.126

Breyting á niðurfærslu greinist þannig:

Niðurfærsla 1.1	(190.508)	(333.227)
Endanlega afskrifaðar kröfur á árinu	0	84.257
Breyting á niðurfærslu	66.638	58.462
Niðurfærsla 31.12	(123.869)	(190.508)

SKÝRINGAR

5. Húseignir og lóðir

Húseignir og lóðir:

	Fasteignir
Árslok 2012	
Bókfært verð í ársbyrjun	15.875
Afskriftir	(318)
Bókfært verð í árslok	<u>15.558</u>
Bókfært verð í árslok 2012 greinist þannig:	
Kostnaðarverð	18.009
Samansafnaðar afskriftir	(2.451)
Bókfært verð í árslok	<u>15.558</u>
Árslok 2013	
Bókfært verð í ársbyrjun	15.558
Afskriftir	(311)
Bókfært verð í árslok	<u>15.247</u>
Bókfært verð í árslok 2013 greinist þannig:	
Kostnaðarverð	18.009
Samansafnaðar afskriftir	(2.762)
Bókfært verð í árslok	<u>15.247</u>

Fasteignir sjóðsins í árslok 2013 voru eftirtaldar:

	Fasteignamat	Vátryggingamat	Bókfært verð
Hlíðasmári 8	10.760	16.480	15.247

6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Hlutabréf:

	<u>2013</u>	<u>2012</u>
Skráð félag:		
Marel Food Systems hf.	58.610	394.393
Icelandair Group hf.	404.088	339.508
Hagar hf.	266.718	282.096
Reginn hf.	318.547	225.701
Össur hf.	152.711	129.371
N1 hf.	228	0
Eimskipafélag Íslands ehf.	0	12.963
	<u>1.200.902</u>	<u>1.384.032</u>

SKÝRINGAR

6. Verðbréf með breytilegum tekjum, frh.

	2013	2012
Óskráð félög:		
Framtakssjóður Íslands slhf.	248.691	227.919
Jarðvarmi slhf.	202.328	202.328
SRE II slhf.	112.795	37.389
MP-Banki hf.	30.000	30.000
FAST-1 slhf.	13.503	13.503
Stoðir ehf.	12.663	11.043
Kjölfesta slhf.	18.572	521
Skipti hf.	72.566	0
IEI slhf.	17.388	0
Horn II slhf.	10.534	0
Edda slhf.	1.440	0
Önnur óskráð félög	206	206
	<u>740.687</u>	<u>522.908</u>
Eignarhlutar í innlendum félögum	<u>1.941.589</u>	<u>1.906.940</u>
Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum:		
Hlutabréfasjóðir:		
Stefnir ÍS 15	1.907.591	984.576
Landsbanki Global Equity Fund	97.262	91.666
	<u>2.004.853</u>	<u>1.076.243</u>
Skuldabréfasjóðir:		
Stefnir - Ríkisskuldabréf verðtryggð	694.734	1.258.700
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur	390.128	705.437
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur	207.935	367.155
Fyrirtækjabréf L.Í., óskráð	51.438	296.480
	<u>1.344.235</u>	<u>2.627.773</u>
Óhefðbundnar fjárfestingar:		
Stefnir IS-5	859.121	755.934
Landsbanki Mezzanine Fund II	136.153	170.903
Landsbanki Private Equity II	118.347	112.479
Stefnir Lausafjársgóður	120.199	100.000
Stefnir Íslenski Athafnasjóðurinn	31.240	33.764
Landsbanki Currency Fund	18	17
	<u>1.265.077</u>	<u>1.173.097</u>
Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum	<u>4.614.165</u>	<u>4.877.112</u>

SKÝRINGAR

6. Verðbréf með breytilegum tekjum, frh.

Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum:	2013	2012
Hlutabréfasjóðir:		
Kaupthing Manager Selection - Global Equity	858.945	646.885
SSgA Euro Short Term Bond Fund	0	158.276
JP Morgan F Liq. Funds - USD Treasury Liq. Fund	84.180	157.692
KF Global Value	68.799	50.153
JP Morgan Sterling Gilt Liquidity Fund A	0	34.881
JP Morgan Fleming EUR Liquidity Fund	103.888	0
JP Morgan Fleming USD Liquidity Fund	13.694	0
	<u>1.129.506</u>	<u>1.047.887</u>
Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum	<u>1.129.506</u>	<u>1.047.887</u>
Verðbréf með breytilegum tekjum alls	<u>7.685.260</u>	<u>7.831.940</u>

7. Verðbréf með föstum tekjum

Innlend skuldabréf:		
Íbúðabréf	7.198.237	4.302.019
Ríkisbréf	1.087.791	1.499.581
Skuldabréf sveitarfélaga	260.247	612.599
Skuldabréf lánastofnana	568.940	248.528
Skuldabréf fyrirtækja	1.805.815	1.384.381
Stofnlánadeild Landbúnaðarins	7.466	9.602
	<u>10.928.496</u>	<u>8.056.710</u>
Verðbréf með föstum tekjum alls	<u>10.928.496</u>	<u>8.056.710</u>

8. Veðlán

Veðlán greinast þannig:		
Skuldabréf sjóðfélaga	2.179.122	2.327.717
Önnur veðlán	145.060	148.233
Niðurfærsla veðskuldabréfa	(61.357)	(30.681)
	<u>2.262.825</u>	<u>2.445.269</u>

9. Bankainnstæður

Bankainnstæður:		
Peningamarkaðsinnlán Íslandsbanka	1.663.897	1.605.224
	<u>1.663.897</u>	<u>1.605.224</u>

SKÝRINGAR

10. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

	2013	2012
Fjárfestingar skiptast þannig niður á gjaldmiðla:		
ISK	20.841.464	18.607.873
USD	412.882	157.692
EUR	1.149.979	967.794
GBP	136.153	205.784
	<u>22.540.478</u>	<u>19.939.143</u>
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:		
Eignir í íslenskum krónum	92,46%	93,32%
Eignir í erlendum gjaldmiðli	7,54%	6,68%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

11. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Laun og launatengd gjöld	10.123	9.604
Tryggingafræðileg úttekt	2.399	1.760
Endurskoðun	2.608	1.847
Eftirlitsgjald FME og gjald til umboðsmanns skuldara	4.199	4.468
Húsnæðiskostnaður	512	512
Umsýslubóknun til Arion banka hf.	33.292	28.936
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5.308	2.839
	<u>58.442</u>	<u>49.966</u>

Heildarlaun, hlunnindi og þóknarir til stjórnar og endurskoðunarnefndar sundurliðast þannig:

Sturla Ómarsson, stjórnarformaður	2.578	2.095
Kristján Egillsson	2.039	1.986
Geirbrúður Alfreðsdóttir	1.189	0
P. Haukur Reynisson	1.019	2.646
Bogi Nils Bogason	734	689
Kristín Björg Eysteinsdóttir	428	0
Þorvaldur Þorsteinsson	283	254
Hlynur Elísson	275	689
Magnús Br. Jóhannsson	143	109
Úlfar Henningsson	122	73
Linda Gunnarsdóttir	102	36
Guðlaugur Ingi Sigurðsson	41	0
Victor B. Victorsson	0	18
	<u>8.954</u>	<u>8.595</u>

Þóknun til ytri endurskoðanda sjóðsins nam 2,6 milljónum kr. Innri úttekt á sjóðnum var framkvæmd af innri endurskoðun Arion banka hf., þóknun til Innri endurskoðunar er hluti af umsýslukostnaði sem er greidd til Arion banka hf. samkvæmt samningi.

SKÝRINGAR

12. Tryggingafræðileg úttekt

Í apríl 2014 var framkvæmd tryggingafræðileg athugun sem miðast við árslok 2013. Helstu niðurstöður úttektarinnar, miðað við að 3,5% ávöxtun náist á eignir sjóðsins umfram hækkun vísitölu neysluverðs næstu áratugina, voru þær að endurmetin hrein eign sjóðsins og verðmæti framtíðariðgjalda næmu 337,3 milljónum kr. umfram heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við árslok 2013. Lífeyrisskuldbinding sjóðsins í árslok 2013 greinist þannig:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Samtals 2013	Samtals 2012
Eignir:				
Hrein eign til greiðslu lífeyris	23.472.107	0	23.472.107	20.372.735
Núvirði verðbréfa	164.481	0	164.481	477.019
Fjárfestingarkostnaður	(794.020)	0	(794.020)	(699.640)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	13.447.323	13.447.323	13.620.553
Eignir samtals	22.842.568	13.447.323	36.289.891	33.770.668
Skuldbindingar:				
Elillífeyrir	16.877.879	10.174.007	27.051.886	27.481.578
Örorkulífeyrir	1.200.796	935.133	2.135.929	1.968.700
Makalífeyrir	3.672.768	1.806.201	5.478.969	5.699.980
Barnalífeyrir	274.309	434.715	709.024	656.944
Rekstrarkostnaður	260.202	316.572	576.774	472.334
Skuldbindingar samtals	22.285.954	13.666.628	35.952.582	36.279.536
Eignir umfram skuldbindingar	556.614	(219.305)	337.309	(2.508.868)
Eignir í hlutfalli af skuldbindingum	2,5%	(1,6%)	0,9%	(6,9%)

13. Örorkubótasamkomulag

Sjóðurinn er aðili að samkomulagi sem Íslenski Lífeyrissjóðurinn, Eftirlaunasjóður FÍA, Lífeyrissjóður Rangælinga og Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands gerðu sín á milli í desember 2006 um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða. Krafa sjóðsins vegna þessa er kr. 3.730 þús. kr. í árslok 2013. Um er að ræða óuppgerða kröfu vegna ársins 2012 að fjárhæð 7.906 þús. kr. og skuld vegna ársins 2013 að fjárhæð 4.176 þús. kr.

14. Aðrar skuldbindingar

Sjóðurinn hefur gert samninga sem skuldbinda hann til framtíðarfjárfestinga. Með samningunum hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að fjárfesta í framtaks- og fasteignasjóðum fyrir ákveðna fjárhæð, sem er Innkölluð í nokkrum áföngum. Staða skuldbindinga í árslok er sem hér greinir:

	2013	2012
Heildarskuldbindingar samkvæmt samningum í árslok	1.551.217	1.168.166
Heildarfjárfestingar	(916.621)	(673.444)
Skuldbinding í árslok í íslenskum krónum	634.596	494.722

KENNIÖLUR

15. Fimm ára yfirlit

	2013	2012	2011	2010	2009
Ávöxtun					
Hrein raunávöxtun.....	9,56%	5,42%	2,37%	4,68%	0,96%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
síðustu 5 ár.....	4,56%	(3,34%)	(4,06%)	(2,89%)	(2,38%)
síðustu 10 ár.....	1,52%	1,58%	0,66%	0,79%	0,65%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum.....	10,34%	13,62%	14,20%	13,55%	13,06%
Skráð verðbréf með föstum tekjum.....	47,61%	37,99%	41,29%	39,11%	34,96%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum.....	23,76%	25,66%	7,77%	6,54%	7,13%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum.....	0,87%	2,42%	0,87%	1,11%	1,09%
Veðlán.....	10,04%	12,26%	14,55%	15,55%	17,59%
Bankalinnstæður, bundnar.....	7,38%	8,05%	21,32%	24,14%	26,17%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum					
Eignir í íslenskum krónum.....	92,46%	93,32%	93,00%	91,90%	87,77%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	7,54%	6,68%	7,00%	8,10%	12,23%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>
Fjöldi					
Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga	576	585	562	565	535
Fjöldi líffeyrisþega	172	163	157	143	137
Hlutfallsleg skipting líffeyris:					
Ellilíffeyrir.....	77,32%	78,74%	77,01%	80,83%	82,80%
Örorkulíffeyrir.....	11,38%	9,12%	10,62%	8,55%	7,10%
Makalíffeyrir.....	9,18%	10,03%	9,64%	8,96%	8,60%
Barnalíffeyrir.....	2,12%	2,11%	2,73%	1,66%	1,50%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar.....	0,94%	(6,92%)	(10,16%)	(7,60%)	(13,60%)
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar.....	2,50%	(10,62%)	(16,10%)	(12,50%)	(21,70%)

FJÁRFESTINGARSTEFNA EFTIRLAUNASJÓÐS FÍA 2014 - ÚTDRÁTTUR

FORSENDUR FJÁRFESTINGARSTEFNU

Í 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kemur fram að móta skuli fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Samkvæmt 37. gr. laganna skulu lífeyrissjóðir senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert.

Eignir Eftirlaunastofnunar FÍA skulu ávaxtaðar í samræmi við lög, einkum 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með síðari breytingum, samþykktum Eftirlaunastofnunar FÍA og samkvæmt reglugerð Fjármálaráðuneytisins.

FJÁRFESTINGARSTEFNA EFTIRLAUNASJÓÐS FÍA

Skipting verðbréfaeignar Eftirlaunastofnunar FÍA skal í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 1. Um nánari skiptingu hlutabréfa og annarra verðbréfa má sjá í töflum 2 og 3.

Fjárfestingar sjóðsins skulu vera í samræmi við heimildir í fjárfestingarstefnu og í samræmi við gildandi lög. Heimilt er að nýta vikmörk í fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu.

Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna sjóðsins.

FLOKKAR VERÐBRÉFA	MARKMIÐ	VIKMÖRK
Innlán í bönkum og sparisjóðum	5%	0-20%
Ríkisvæðing, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	50%	30-100%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	3%	0-10%
Skuldabréf og vaxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	2%	0-10%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	10%	0-30%
Hlutabréf	17%	0-40%
Hlutir eða hlutdeildarskrteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	5%	0-10%
Önnur verðbréf	8%	0-30%
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	0%	0-1%
Samtals:	100%	

Tafla 1. Flokkar verðbréfa.

	MARKMIÐ	VIKMÖRK
Hlutabréf	17%	0-40%
Skráð innlend hlutabréf	10%	0-20%
Óskráð innlend hlutabréf	3%	0-10%
Erlend hlutabréf	4%	0-20%

Tafla 2. Hlutabréf – sundurliðun á fjárfestingarstefnu.

	MARKMIÐ	VIKMÖRK
Önnur verðbréf	8%	0-30%
Skuldabréf fyrirtækja	8%	0-15%
Erlend skuldabréf	0%	0-10%
Annað	0%	0-15%

Tafla 3. Önnur verðbréf – sundurliðun á fjárfestingarstefnu.